

INNANRÍKISRÁDUNEYTIÐ	
U-11-4	Áb.m. 886
Tæk. 26. MAI 2015	
IRR 15050210	

Innanríkisráðuneytið
Sölvhólsgötu 7
150 Reykjavík

Reykjavík, 26. maí 2015.

Ósk um uppreist æru

Umsækjandi:

Atli Guðjón Helgason,
kt. 070367-5649,

Undirritaður umsækjandi óskar þess hér með að verða veitt uppreyst æru vegna 16 ára fangelsisdóms er ég hlaut hinn 14. mars 2001 í málinu nr. S-599/2001.

Forsendur:

Hinn 22. maí 2011 lauk ég afplánun minni og var veitt lausn til reynslu en reynslutími var ákveðinn 4 ár. Ég hef nú lokið reynslutíma mínum. Frá því afplánun lauk hefur hegðun míni verið góð eins og lýst er í 85. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og skilyrðum meginreglu 3. mgr. 85. gr. almennra hegningarlaga fullnægt.

Rökstuðningur

Ég er lögfræðingur að mennt, útskrifaður frá Háskóla Íslands árið 1993. Fljótlega að lokinni afplánun hóf ég störf sem lögfræðingur á lögmannsstofunni Versus lögmenn og hef þar unnið almenn lögfræðistörf með ágætum árangri. Ég er í sambúð, á tvær uppkomnar dætur og verðsenn afi, en báðar dæturnar eiga von á barni á árinu. Ég hef komið mér upp góðu heimili og bývið nokkurt öryggi.

Mér er mjög mikilvægt að hljóta uppreist æru, ekki síst vegna vinnu minnar, en við hana myndi ég öðlast á ný öll borgaraleg réttindi. Það er grundvallarforsenda þess að alfa mér lögmannsréttinda og um leið full atvinnutækifæri. Enn sem komið er bý ég við skert atvinnuréttindi.

Ég fullnægi að öllu leyti lögformlegum skilyrðum til þess að hljóta uppreist æru skv. meginreglunni um uppreist æru og framkvæmd hennar undanfarna áratugi, sbr. 3. mgr. 85. gr. almennara hegningarlaga.

Varðandi lagaskilyrði og áratuga framkvæmd meginreglunnar um uppreist æru vísa ég til fordæma og fréttatilkynningar dóms- og kirkjumálaráðuneytisins hin 30.08.2006. Þar segir:

„[...] um langt árabil hefur undantekningarlaust verið gerð tillaga til forseta Íslands um uppreist æru, ef umsækjandi fullnægir lögformlegum skilyrðum um, að hún sé veitt. Í því samhengi skiptir eðli brots eða sakafærill ekki máli, því að eingöngu er litið til þess, hvort skilyrði séu uppfyllt.

Meginreglan um uppreist æru, eins og hún hefur verið framkvæmd undanfama áratugi, er í 3. mgr. 85. gr. almennra hegningarlaga. Samkvæmt henni er hægt að veita uppreist æru að liðnum 2 árum frá því að refsing er að fullu úttekin, fymd eða uppgefin.

[...] *Eins og reglur um uppreist æru hafa verið túlkaðar telst refsing að fullu úttekin á þeim tíma er reynslulausn er veitt, ef viðkomandi stenst skilorð. Þessi túlkun er í samræmi við ummæli í greinargerð með lögum nr. 16/1976 sem breyttu almennum hegningarlögum nr. 19/1940 og hefur einnig verið staðfest í 4. mgr. 65. gr. laga um fullnustu refsinga nr. 49/2005.“*

Nú eru liðin 4 ár frá því ég tók refsingu út að fullu og hef staðist skilyrði reynslulausnar. Engim mál eru til staðar eða rannsóknar í refsivörslukerfinu.


Meðmæli:

Meðfylgjandi beiðni þessari eru meðmæli aðila sem þekkja til mína og hegðunar minnar og starfa og óska þess að votta góða hegðun og að skilyrði séu uppfyllt að öðru leyti.

Staðfestingar:

Meðfylgjandi eru staðfestinar frá fangelsismálastofnun og lögreglunni um að ég hef staðist skilyrði reynslulausnar.

Virðingarfyllst,


Atli Guðjón Helgason

Hjál. gögn:

Meðmæli, dags. 22.05.2015
Staðfesting fangelsismálastofnunar, dags. 22.05.2015
Staðfesting lögreglunnar, dags. 26.05.2015.

Dómsmálaráðuneytið
Sölvholsgötu 7
150 Reykjavík

Reykjavík, 22. maí 2015.

Meðmæli

Við undirritaðir lögmann, starfsmenn Versus lögmann, óskum þess að mæla með því að Atla G. Helgasyni, kt. 070367-5649, verði veitt uppreist æru. Atli hefur starfað á lögmannsstofunni í rúm 4 ár og staðið sig með prýði. Hann hefur sinnt málum vel og viðskiptavinir stofunnar eru ánægðir með störf hans. Við höfum kynnst honum vel og getum staðfest að hegðun hans á reynslutíma hefur verið til fyrirmynnar.

Við teljum að Atli sé vel að því kominn að hljóta uppreist æru og teljum mikilvægt að hann geti öðlast tækifæri til lögmannsréttinda á ný. Þannig gæti hann starfað sem lögmaður á stofunni og sinnt því starfi sem hann hefur menntun til.

Við teljum að öllum lagaskilyrðum sé fullnægt í tilviki Atla og óskum þess að orðið verði við umsókn hans um uppreist æru.

Sé þörf á frekari upplýsingum er þess óskað að haft verði sambandi við okkur.

Virðingarfylgst:

Guðmundur St. Ragnarsdóttir hdl.

Guðmundur St. Ragnarsdóttir hdl. –

Holmgerður El. Flosason hdl.

Holmgerður El. Flosason hdl. –

Ólafur Kristinsson hdl.

Ólafur Kristinsson hdl. –

Borgils Þorgilsson hdl. –

Guðni Jósep Einarsson

Guðni Jósep Einarsson hdl. –

Jón M. Bergsson hdl.

Jón M. Bergsson hdl. –



FANGELISMÁLASTOFNUN RÍKISINS

Dagsetning

Tíðvisun

Atli Guðjón Helgason
kt. 070367-5649

22. maí 2015.

/613

Samkvæmt beiðni, staðfestir Fangelsismálastofnun hér með að þann 22. maí 2011 var þér veitt reynslulausn skilorðsbundið í 4 ár á 1920 daga eftirstöðvum þegar afþlánaðir voru 2/3 hlutar af 16 ára fangelsisrefsingu samkvæmt dómi héraðsdóms Reykjavíkur, uppkveðnum 29. maí 2001 að frádreginni 237 daga gæsluvarðhaldsvist.

Skilorðstíminn er liðinn.

Tíllaga
til
forseta Íslands
um uppreist æru.

Atli Guðjón Helgason, kt. 070367-5649, til heimilis
að hefur farið þess á leit að
honum verði veitt uppreist æru sinnar, að því er
snertir dóm héraðsdóms Reykjavíkur, uppkveðinn
29. maí 2001, þar sem honum var gert að sæta 16 ára
óskilorðsbundinni refsivist fyrir brot á almennum
hegningarlögum.

*Fásett
í Cilióginu
Bærubórum
23. novembur 2014
Ólafur Jónasson*

Með því að skilyrði þykja nú vera fyrir hendi til þess
að verða við framangreindri beiðni, vil ég leyfa mér
að leggja til, að yður, forseti Íslands, mætti þóknast

að veita nefndum Atla Guðjóni Helgasyni uppreist
æru sinnar að því er snertir framangreindan dóm.

Í innanríkisráðuneytinu,
3. nóvember 2015.

Allravirðingarfyllst,

Ólafur Jónasson.

Ragnheiður Hjáltaðóttur